

Náttúrustofa Suðausturlands  
Litlubrú 2  
780 Höfn

Reykjavík 3. júní 2019  
UST201905-300/H.G.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Skúmur - Ingólfshöfði**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofa Suðausturlands, dagsett 24. maí 2019, um leyfi til rannsókna innan friðlandsins Ingólfshöfða.

Ingólfshöfði er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsingu nr. 388/1978. Ekki má skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask.

#### **Lýsing verkefnis:**

Verið er að kortleggja varpútbreiðslu skúms í Ingólfshöfða. Er þetta hluti af stærra verkefni þar sem verið er að kortleggja útbreiðslu skúms frá Salthöfða vestur að sýslumörkunum. Gengið verður um höfðann og öll skúmhreiður talin og skráð. Fara þarf útfyrir göngustíga til að komast að hreiðrunum. Athuganir í Ingólfshöfða fara fram 1 dag á tímabilinu 3.-10. júní 2019. Að athugunum koma 5 manns.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið líklegt til að hafa tímabundin neikvæð áhrif á dýralíf á svæðinu þar sem farið verður um allan höfðann og útfyrir göngustíga. Skúmur er metin í bráðri hættu skv. valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Vísindalegt gildi verkefnisins er mikið og því telur stofnunin að það vegi á móti þeim neikvæðu áhrifum sem umferð rannsóknaraðila mun hafa á svæðinu sé þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu fylgt.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Suðausturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum á skúm innan friðlandsins í Inghólfshöfða sbr. lýsingu hér að ofan 3.-10. júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynda skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er við hreiður skúma og á varpsvæðum annara tegunda eins og kostur er.

- Leyfi til að fara útfyrir göngustíga gildir bara fyrir þá sem koma að rannsókninni.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur